

Samþykkt

um

kynbætur nautgripa í Fljótsdalshjaraði.

Sýslunefndirnar í Suðurmúlasýslu og Norðurmúlasýslu hafa samkvæmt lögum 20. október 1905 um samþykktir um kynbætur nautgripa, gert eftirfylgjandi

samþykkt

um kynbætur nautgripa í Fljótsdalshjaraði (Skriðdals-, Valla-, og Eiðahreppum í Suðurmúlasýslu og Hjaltastadar-, Tungu-, Fella-, og Fljótsdalshreppum í Norðurmúlasýslu).

1. gr.

Á Fljótsdalshjaraði skulu allir skyldir til að geyma öll graðneyti 5 mánaða og eldri annaðhvort í girðing, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan þann hátt, sem stjórnir nautgriparæktunarfelaga, eða, þar sem ekkert slíkt fjelag er, hlutaðeigandi hreppsnefnd, telur jafntryggan. Það skal vera jafnóheimilt að láta graðneyti ganga laus í eigin landi sem annara.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framangreindu og graðneyti finst í annars manns landi, er þá ábúanda heimilt að aftra því, að það geri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða þvíumlíkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.

3. gr.

Nú hefir graðneyti sloppið í annars manns land og gert skaða á kúm, áður en það varð hindrað samkvæmt 2. gr., og er eigandi skyldur að bæta honum þann skaða að fullu.

Ákvæði þetta gildir um öll graðneyti, sem hittast á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

4. gr.

Kostnaður og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. greiðist eftir mati tveggja óvilhallra manna, og útnefna málsaðilar sinn hvorn. Komi matsmenn sjer ekki saman um kostnað og skaðabætur, kjósa þeir sér oddamann. Er mat

þeirra gildandi og skal birt hlutaðeiganda tafarlaust. Kostnaður og skaðabætur **139**
falla í gjalddaga þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutaðeiganda. 10. des.

5. gr.

Enginn á samþyktarsvæðinu má nota önnur naut til undaneldis en þau, sem valin eru þar til af nautgriparæktunarfjelögum á staðnum, eða, þar sem ekkert slíkt fjelag er til, af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Skulu fjelögin eða hreppsnefndirnar skyld til að sjá um, að ávalt sjeu til hæfilega mörg graðneiti til undaneldis og að þau sjeu geymd á hentugum stöðum, enda hafa vald til að ákveða bolatoll.

6. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis skulu vera hraust og þroskamikil og af því besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan.

Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis (kynbótargripir), skal vanda sem allra best. Leita skulu fjelög og hreppsnefndir álits fagmanna, ef til eru, um val undaneldisnauta.

Skyldur skal hver kýreigandi á samþyktarsvæðinu að láta fara tarfkálfa til undaneldis, ef óskað er, gegn skaðlausu endurgjaldi.

7. gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktarsvæðinu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fyrirmælum samþyktar þessarar sje hlýtt. Þó geta hreppsnefndir falið eftirlitið nautgriparæktunarfjelögum, ef til eru, og þau vilja takast það á hendur.

Kostnaður sá, sem af því leiðir, greiðist úr hlutaðeigandi hreppasjóðum.

8. gr.

Brot gegn 1. gr. og 5. gr. varða sektum frá 5—50 krónum, er renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

9. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1909 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.